

# Íhlutun og atferlisbreytingarkerfi

## E-710-IHAT



**Ár:** 1. ár

**Önn:** Vorönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda.

**Undanfarar:** E-702-SIFA og E-706-HULO

**Kennari:** Einar Þór Ingvason

**Lýsing:** Í þessu námskeiði eru skoðuð viðmið fyrir greiningu og forgangsröðun félagslega mikilvægrar hegðunar og læra nemendur að greina frá æskilegum niðurstöðum íhlutunar með notkun mælanlegra hugtaka; bera kennsl á mögulegar aðferðir við íhlutun á grundvelli matsniðurstaðna og bestu fáanlegu vísindalegrar vitneskju; gera tillögur og velja aðferð við íhlutun og meðferðarniðurstöður á grundvelli verkgreiningar, vilja skjólstæðings, núverandi athafnasafns, stoðumhverfis, umhverfislegra takmarkana og takmarkana á úrræðum, auk félagslegs réttmætis; bera kennsl á og taka á hagnýtum og siðferðilegum álitamálum við notkun tilraunasniða til að sýna fram á áhrif meðferðar; (þegar minnka á hegðun) velja aðra viðunandi hegðun til að koma á eða auka; gera áætlun fyrir yfirfærslu áreitis og svörunar; áætlun fyrir viðhald hegðunar; velja hegðunaryrkk sem markmið fyrir íhlutun; koma á kennslu sem stuðlar að námi sem má yfirfæra á annað og túlka og grundvalla ákvarðanatöku á gögnum sem birt eru á margs konar formi. Nemendur læra einnig að vera meðvitaðir um álitamál sem varða atferlisbreytingu, t.d. að bera kennsl á og bæta úr mögulegum óæskilegum áhrifum styrkingar, refsingar og slokkunar. Þessu til viðbótar er farið yfir framkvæmd, stjórnun og vöktun íhlutunar í hegðun og læra nemendur þannig að gera ráðstafanir fyrir samfellda skráningu á þjónustu á sviði atferlisgreiningar; bera kennsl á þau skilyrði sem stýra hegðun þeirra sem eru ábyrgir fyrir aðferðum atferlisgreiningar og hanna inngrip í samræmi við það; hanna og nota hæfnimiðaða þjálfun fyrir einstaklinga sem eru ábyrgir fyrir því að framkvæma atferlismat og aðferðir í atferlisgreiningu; hanna og nota áhrifarík kerfi til vöktunar og styrkingu á frammistöðu; hanna og nota kerfi fyrir eftirlit með áreiðanleika aðferða; veita leiðsögn fyrir þá sem koma að atferlisbreytingu (t.d. foreldra, kennara, heilbrigðisstarfsfólk); meta áhrif áætlunarinnar; koma á stuðningi fyrir þjónustu á sviði atferlisgreiningar frá einstaklingum sem koma að þjónustunni beint eða óbeint; tryggja stuðning annarra til að viðhalda athafnasafni skjólstæðinga í náttúrulegu umhverfi þeirra og gera ráðstafanir um skipuleg lok þjónustu þegar ekki er lengur þörf fyrir hana. Í námskeiðinu eru könnuð kerfi til atferlisbreytinga og læra nemendur þannig að nota aðferðir til sjálfstjórnar, aðferðir styrkingarkerfis kumlanáms og önnur skilyrt styrkingarkerfi (t.d. TAG Teach), beina kennslu, hröðunarnám, kennslukerfi Kellers (PSI), aðferðir tilfallandi kennslu, aðferðir hagnýtrar samskiptaþjálfunar og óhefðbundin tjáskiptakerfi.

**Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:**

- sýnt fram á ítarlega þekkingu á ferlum til atferlisbreytingar, þ.m.t. inngrip og álitamál sem varða atferlisbreytingu; framkvæmd, stjórnun og vöktun; og kerfum til atferlisbreytinga
- skrifað viðmiðsbundin skammtíma- og langtímamarkmið fyrir atferlisbreytingu
- mælt, skráð og greint skilgreint atferli
- tekið gagnreyndar ákvarðanir um hönnun og framkvæmd áætlana fyrir atferlisbreytingu
- þekkt og átt við óæskileg áhrif íhlutunar
- hannað yfirfærslu- og viðhaldsáætlanir til að framlengja ábata meðferðar út fyrir meðferðarumhverfið og í tíma
- skrifað og kynnt tilfellinglýsingar á sviði atferlisgreiningar í samræmi við faglega og siðferðilega BACB staðla
- veitt stuðning og leiðsögn fyrir þá sem koma að atferlisbreytingu í margvíslegu umhverfi

**Námsmat:** Nemendur skrifa markbundin skammtíma- og langtímamarkmið fyrir atferlisbreytingu; mæla, skrá og greina skilgreinda hegðun; taka gagnreyndar ákvarðanir um þróun og framkvæmd áætlunar um atferlisbreytingu; framkvæma alhæfingar- og viðhaldsaðferðir; og skrifa tilfellinglýsingar fyrir námsmat og umræður við jafningja.

**Tungumál:** Íslenska.

**ECTS:** 4